

Ársskýrsla
AE starfsendurhæfingar



2022

Efnisyfirlit	
Grundvallarmarkmið	3
Stjórn félagsins.....	3
Starfsfólk	3
Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni	3
Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar	3
Markmið	3
Námskeið.....	4
Listanámskeið	4
Leiklist/spuni	5
LAN.....	5
Skák	5
Tungumálakennsla	5
Bíókvöld	5
Söngur	5
Spil	5
Sjálfhjálparhópur	6
Saumar og skartgripagerð.....	6
Hreyfing dans og jóga.....	6
Ýmsar upptökur.....	6
Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur	6
Árangursmat	7
Starfsdagur.....	7
Úttekt.....	7
Samningur við Vinnumálastofnun.....	10
Samningur við Reykjavíkurborg	12
Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur	12
Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka	13
Virgni utan Hlutverkaseturs	14
Leikhús, menningarferðir o.fl.	14
Fótboltaverkefnið FC Sækó.....	15
Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök	15
Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum	16
Samantekt um Covid 19 og áhrif á starfsemina.....	18
Þakkir stjórnar.....	18

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur

Grundvallarmarkmið

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað 13. maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu, styðja fólk til þess að ná tókum á hlutverkunum á ný eða uppgötva önnur. Leiðir til að ná fram þessum markmiðum eru byggðar á hugmyndafræði líkansins um iðju mannsins (MOHO) með áherslu á valdeflingu. Lögð er til þekking og reynsla notenda og fagfólks og unnið er út frá jafningjagrunni. Samstarfið byggist á forsendum viðkomandi einstaklings, vilja og áhuga. Virkni er styrkt með ýmis konar iðju, s.s. listsköpun, verkefnavinnu, námskeiðapátttöku og sjálfboðastarfi. Þessi starfsemi fer að mestu fram í virknimiðstöðinni Hlutverkasetri í Borgartúni, sem er starfrækt af AE starfsendurhæfingu. Hluti starfsins fer fram fyrir utan húsnæðið eins og fótboltahópurinn FC sækó, sjósund, menningar-, sund- og gönguferðir. Þar að auki er veittur stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað, auk eftirfylgni þegar við á. Einnig er hægt að fá stuðning við að hefja nám á ný og eftirfylgd á meðan námi stendur.

Stjórn félagsins

Sæunn Stefánsdóttir er formaður stjórnar og Þórólfur Árnason er varaformaður. Aðrir í stjórn eru; Andri Árnason, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, og Þór Sigfússon. Jóhanna E. Vilhelmsdóttir hætti sem varamaður sökum aldurs á árinu og varamenn í stjórn eru Erik Brynjar Schweitz Eriksson og Elín Ebba Ásmundsdóttir. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu.

Starfsfólk

Árið 2022 störfuðu 10 starfsmenn í sex stöðugildum. Sigurður Þórólfsson hætti á árinu og í staðinn var ráðinn Jón Ari Arason. Fastir starfsmenn voru Anna Henriksdóttir myndlistakennari, Bergþór G. Böðvarsson NsN starfsmaður, Elín Ebba Ásmundsdóttir og Helga Ólafsdóttir, iðjuþjálfar. Aðrir starfsmenn eru Malva Valkyrja Gimeno, María Gísladóttir, Kremena P. Demireva, og Óskar Ögri Birgisson.

Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni

Hlutverkasetur hefur frá upphafi tekið iðjuþjálfunema í starfsnám. Nemarnir hafa jafnt verið íslenskir sem og erlendir skiptinemar. Að auki leita nemendur í öðru framhaldsnámi á háskólastigi til Hlutverkaseturs til gagnaöflunar. Nína Björk Þráinsdóttir, nemi við iðjuþjálfun í HA, var við störf í Hlutverkasetri frá janúar til mars á árinu. Vegna Covid 19 komu engir nemar erlendis frá. Haustið 2022 komu þær Þórdís Jóna Kristjánsdóttir og Auður Eiðsdóttir, nemar í iðjuþjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri, til að kynna sér starfsemina sem hluta af vettvangsnámi.

Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar

Markmið

Markmið Hlutverkaseturs er að aðstoða þátttakendur við að auka lífsgæði þeirra, komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, hefja og/eða ljúka námi,

finna sér vettvang í hlutverkum sem hafa þýðingu og gildi fyrir þá, eða stunda sjálfboðaliðavinnu. Ríkur þáttur í starfinu er að efla félagsleg tengsl og rjúfa einsemd. Starfsemin byggir á því að efla trú einstaklinga á eigin áhrifamátt og getu. Að þátttakendur geri sér ljóst að sú iðja sem þeir taka sér fyrir hendur, fólkið sem það umgengst og umhverfisþættir hafi áhrif á heilsu og vellíðan þess.

Sérstaða Hlutverkaseturs er sú að öllum er velkomið að taka þátt og/eða hjálpa til, t.d. með því að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra. Ekki er þörf á tilvísun frá lækni eða öðrum fagaðilum til þess að mega taka þátt í starfinu. Mæting er á forsendum hvers og eins sem og tímalengd verunnar í Hlutverkasetri.

Í byrjun árs voru aftur fjöldatakmörkanir vegna Covid. Starfsemin litaðist því af hvað margir gátu verið á hverjum tíma. Aftur tókst okkur að hafa allan tímann opið en þreyta var komin í þátttakendur og þeir ekki jafn fljótir að taka við sér þegar losnaði um hömlurnar. Sumir skiluðu sér ekki aftur. Lokað var í tvær vikur vegna sumarfría í lok júlí. Þó að Covid takmörkunum slepti komst starfsemin aldrei í eðlilegt horf á árinu. Alls kyns veikindi herjuðu á bæði starfsmenn og skjólstæðinga. Sumir fengur Covid oftari en einu sinni og þrálátar flensur slepptu seint takinu.

Námskeið

Hluti af starfsemi Hlutverkaseturs hefur verið í höndum sjálfboðaliða. Námskeiðum fjölgaði talsvert á milli ára og voru 52 (39) á árinu, innan sviga eru tölur frá 2021. Tala virkra sjálfboðaliða fjölgaði einnig upp í 14 (10). Dæmi um sjálfboðaliðastarf er; súpueldhús, handavinnuhorn, jóga, söngstund, skák, LAN, borðtennis og spilavinir.

Þátttaka í fjölbreyttri listsköpun skipar stóran sess í námskeiðaflórunni. Fjallað verður ítarlega um myndlistina hér að neðan.

Dæmi um námskeið:

- Leiklist/spuni
- dans
- jóga-leikfimi
- fótbolti
- LAN, tölvusamspil
- sund
- gönguhópur
- handavinnuhorn
- sjósund
- skák
- súpueldhús
- tónlistarklúbbur
- fjölbreytt listanámskeið
- tölvuaðstoð

Listanámskeið

Yfir árið hafa um 60 manns notið leiðsagnar Önnu Henriksdóttir í listasmiðjunni. Alla daga vikunnar voru fjölbreytt listanámskeið. Vanalegu námskeiðin teikning, málun og opin smiðja héldust opin að miklu leyti þrátt fyrir Covid en þó með færri þátttakendum á hverjum tíma þar sem listasmiðjan tók mið af sóttvarnareglum. Áhersla var í ár að skapa úr endurunnu plasti, verk sem gætu farið á sýninguna í Sjóminjasafninu í september.

Á haustmánuðum voru nokkur ný námskeið sett upp: útsaumur, saumur, hrekkjavökuskraut og jólaföndur. Einnig var í boði að taka þátt í Inktober í hádeginu í október og skrautskrift í hádeginu í nóvember.

Listasýningar innan Hlutverkaseturs. Um sumarið voru myndir eftir þrjá þátttakendur listasmiðju undanfarinna tíu ára hengdar upp í Hlutverkasetrinu án þess að um eiginlega sýningu væri að ræða. Sýningin var sett upp í júní og stóð yfir til október loka eða þar til jólamyndasýning var sett upp. Myndefnið var aðallega eftirmyndir og leikur með línur. Nemendur sem hafa tekið þátt í starfinu yfir lengri tíma hafa tekið miklum framförum í sinni listsköpun.

Leiklist/spuni

Spuni (4-6) gefur fólki tækifæri að spreyta sig í alls kyns aðstæðum. Innan sviga eru fjöldi þátttakenda í hvert skipti. Þeir sem stunda þessa iðju reglulega finna fyrir auknum styrk og sjálfstrausti. Spuni hefur verið í höndum eins starfsmans þetta árið sem kemur frá einum íbúakjarna og er dæmi um samvinnu á milli íbúakjarna og Hlutverkaseturs. Vegna Covid og veikinda var brestur á að halda spunanum gangandi allt árið.

LAN

LAN (4-5) er tölvuleikur í rauntíma leikinn með samtengdum tölvum. Einstaklingar sem nýtt hafa sér starfsemi Hlutverkaseturs hafa tekið yfir utanumhald. LAN hópurinn laskaðist vegna Covid og tókst ekki að ná flugi á árinu. Skjólstæðingar frá Laugarási komu vikulega en vegna takmarkana tókst ekki að ná þeim inn aftur um haustið.

Skák

Tveir gestir frá Vin mæta einu sinni í viku og kenna skáklitina, sem hluta af samstarfi á milli staðanna (4-8). Flestir sem mæta í skáklúbbinn búa í íbúakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar og hafa verið virkir í skák í Vin. Skákin féll niður um tíma og ekki hafa jafn margir mættu á árinu og áður.

Tungumálakennsla

Spænsku-, frönsku- og íslenskukennsla (3-10). Kennnt var einu sinni í viku. Aðaláherslan er á að hafa gaman; hlusta á tónlist, horfa á myndir og læra einstaka orð og setningar til að bjarga sér. Kennarar kenna á sínu móðurmáli. Röskun var á þessum tímum í upphafi árs og fram á sumar vegna Covid en frönsku og spænskukennslan byrjaði á fullu aftur eftir sumarfrí en ekki var jafn góð þátttaka og áður. Íslenskukennslan féll niður eftir sumarfrí.

Bíókvöld

Engin bíókvöld voru haldin á árinu.

Söngur

Söngstund var einu sinni í viku (3-7). Tekin eru fyrir þekkt lög með gítarspili. Fella þurfti þessa tíma niður þegar grípa þurfti til fjöldatakmakana og fjarlægðaskyldu, þar fækkaði einnig í hópnun.

Spil

Boðið var upp á borðspil fjórum sinnum í viku (2-5). Ýmis spil voru spiluð má þar nefna; kana, skítakall, Trivial Pursuit, Besserwisser, Uno, Master mind, Yatzy. Nokkuð stabíll hópur hefur stundað að spila kana reglulega í lok dags og

blómstraði sá hópur á haustmánuðum. Einn í hópnum hefur þá tekið að sér að loka staðnum.

Sjálfhjálparhópur

Í fjóra mánuði yfir sumartimann var starfsræktur einu sinni í viku karlasjálfshjálparhópur (2 -5).

Saumar og skartgripagerð

Þrisvar í viku var boðið upp á léttan saumaskap og viðgerðir og skartgripagerð (1-4). Í ár var einnig jólagjafapokagerð.

Hreyfing dans og jóga

Jóga og Zumba (2-5) var tvisvar í viku á meðan ekki ríktu fjöldatakanir né önnur veikindi. Boðið var upp á hugleiðslu einu sinni í viku (2-5) frá október sem Sigurður Unnar Birgisson stjórnaði sem fengið hafði styrk frá Reykjavíkurborg. Þurfti hann m.a. aðstöðu og þátttakendur til að taka upp einfaldar hugleiðsluæfingar.

Ýmsar upptakomur

Ágúst Kristján Steinarsson (18) hélt fyrirlestur sem tengdist bók sem hann gaf út *Riddarar Hringavitleysunnar*. Í erindinu fór hann einnig yfir bjargráð í daglegu lífi fyrir þá sem klást við geðrænar áskoranir.

Trausti Ólafsson (52) kom og stjórnaði hluta af starfsdegi, haldinn í október.

Hrekkjavökupartý (36) var haldið í október þar sem ýmsar furðuverur vöknudu til lífsins og kryddudu upp á tilveruna.

Geðhjálp hélt þrjá fræðslufundi í Hlutverkasetri á haustmánuðum.

Gunnar Kvaran (16) sellóleikari hélt lítinn konsert í nóvember.

Nína Eck (17), jafningastarfsmaður á geðsviði LSH kom í nóvember og hélt erindi um jafningastarfið og væntalegar ráðningar þar.

Litlu jólin (45) voru haldin í desember þar sem söngur og leikgleði lék aðalhlutverkið. Hljómsveitin Eva kom og hélt tónleika sem féll vel í kramið og dagurinn endaði með spurningarkeppni.

Anna Henriksdóttir bauð upp á brúðuleikhús á Hrekkjavökunni. Aðeins einn gestur gat fylgst með í einu. Leikritið hét *Teboðið*. Leiksviðið var í kassa í anda götuleikhúss frá Mexíkó (1986 Lambe lambe box). Anna sýndi 19 sýningar við mikla undrun og hrifningu gesta þar sem þetta var einstök upplifun.

Steindór J. Erlingsson (10) hélt námskeið í skapandi skrifum í maí.

Krabbameinsskoðun (8). Hópur kvenna fór í brjóstaskoðun sem part af heilsuefingu kvenna á staðnum.

Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur

Fjölmarginir starfsmannahópar og einstaklingar koma á hverju ári til að kynna sér starfsemina í faglegu tilliti eða til að auka samstarfið á milli staða. Einnig hafa stórir sem smáir hópar komið erlendis frá.

Tvisvar sinnum í febrúar komu sérfræðilæknar í geðlæknisfræðum (15) til að kynna sér starfsemina og læra af þeim sem nýta sér staðinn.

Í lok mars kom félags- og vinnumarkaðsmálaráðherra ásamt aðstoðarfólki

og kynnti sér starfsemina og spjallaði við gesti.

Í apríl kom 12 manna hópur frá Montana, Búlgaríu sem er að byggja upp miðstöð fyrir ungmenni sem standa höllum fæti og er í samstarfi við Hringsjá.

Í maí kom 10 manna hópur frá Noregi til að kynna sér starfsemina.

Í hópnum voru fullrúar frá Arbeidsgiverorganisasjonen Virke sem tengjast barnavernd, aðstandendum, jaðarhópum, geðsjúkdómum og fíkn.

Hópur frá Póllandi (7) kom í júní ásamt fulltrúum frá Pepp Ísland til að kynna sér úrræði sem hentar jaðarhópum.

Í september kom hópur starfsmanna frá búsetukjörnum í Danmörku sem vinna með geðfötluðum (9). Markmið þeirra var m.a. að læra á hvern hátt áhugahvöt er virkjuð til samfélagsþátttöku og til að auka lífsgæði þessa hóps.

Hópur frá Litháen (4) sem starfar í virknimiðstöð þar í landi kom einnig í september sem og hópur (3) á vegum frjálsra reghlífarsamtaka frá Lettlandi, Jekabpils.

Heimsókn starfsfólks frá íbúakjarna á Miklubraut (10) kom í kynningu í október og starfsfólk frá þjónustumiðstöðinni í Árbæ (7) kom í nóvember sem og ráðgjafar í málaflokki fatlaðs fólks frá Austurmiðstöð Reykjavíkurborgar (5).

Árangursmat

Úttektir og mat á árangri Hlutverkaseturs eru starfseminni mikilvæg. Iðjuþjálfanemar í starfsnámi frá heilbrigðisvísindasviði HA og erlendir iðjuþjálfanemar, hafa lagt árangursmat fyrir notendur Hlutverkaseturs sem hluta af sínu starfsnámi. Matsaðferðir hafa verið fjölbreyttar s.s. viðtöl, spurningalistar, rýnihópar o.fl. Úrvinnsluaðferðir eru ýmist eigindlegar eða megingindlegar. Þar sem fáir nemar voru í ár var ákveðið að að skoða ACE stig hjá þátttakendum Hlutverkaseturs (sjá nánar um ACE undir úttektir). Úttekina gerði Nína Björk Þráinsdóttir nemi í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri.


Starfsdagur

Sú hefð hefur skapast að hafa starfsdag einu sinni á ári þar sem teknir eru fyrir ákveðnir þættir í starfseminni til að fá svörun hvernig til hafi tekist á árinu. Rúmlega 50 manns mættu yfir daginn. Trausti Ólafsson leiklistarkennari tók að sér að stýra hluta af deginum til að fá fram upplifun þátttakanda af starfseminni með aðferðum leiklistar. Helstu niðurstöður í ár var þakklæti frá þátttakendum að til væri staður þar sem þeim væri mætt eins og þau eru og finndu ekki fyrir skömm. Í Hlutverkasetri hafa þau fundið stað þar sem það er í lagi að vera öðruvísi, þar sem þau fá tækifæri að mistakast, æfa sig í samskiptum og er ekki hafnað ef ekki vel tekst til. Þema eins og vöxtur, bjartsýni, hlýja, viðurkenning, þakklæti og jarðtenging voru efni sem unnið var með.

Úttekt

Undanfarin ár hefur vitneskja um afleiðingar og áhrif áfalla í æsku aukist. Þeir sem starfa í félags- og geðheilbrigðisþjónunni leggja nú meiri áherslu á að taka tillit til þessa og vinna úr áföllum og vinna að forvörnum. Í ljósi þessara þótti áhugavert að skoða ACE stig (Adverse Childhood Experiences) hjá þátttakendum Hlutverkaseturs. Nína Björk Þráinsdóttir var fengin til verksins. Spurningarlistinn


er byggður á rannsókn sem var framkvæmd í Bandaríkjunum fyrir tæpum 30 árum. Þátttakendur voru 17.000 einstaklingar sem skráðir voru hjá heilsumiðstöð og höfðu gengist undir heilsufarsmat. Þeir fylltu út ACE spurningalistann sem inniheldur spurningar um ofbeldi og fjölskylduvanda s.s. ofbeldi, vanrækslu, skilnað, afbrot, geð- eða fíknisjúkdóma. Heilsufar og lífshættir þátttakenda voru síðan skoðaðir í samhengi við ACE stig þeirra. Ef viðkomandi svarar spurningu játandi jafngildir það einu ACE stigi. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að eftir því sem ACE skor þátttakenda hækkaði, því meira jukust líkurnar á hegðunar- og heilsufarsvanda á fullorðinsárum. Í ljósi þessara niðurstaða þótti áhugavert að skoða ACE stig hjá þátttakendum Hlutverkaseturs. ACE listinn var lagður fyrir í febrúar og mars 2022 fyrir 23 einstaklinga sem sækja reglulega Hlutverkasetur. Meðalaldur þeirra sem tók þátt var 47 ár og kynjahlutfallið nokkuð jafnt. Eins og sjá má á töflu 1 þá höfðu flestir lokið grunnskóla, fimm framhaldsskóla og fimm með háskólamenntun. Tafla 2 sýnir að 40% (9) töldu sig ekki eiga afturkvæmt á vinnumarkað. Tafla 3 sýnir að flestir bjuggu einir og aðeins 20% (5) voru í sambúð eða gift.




Tafla 1



Tafla 2



Tafla 3



Tafla 4

Tafla 4 sýnir að 65% (15) höfðu búið við fíknivanda á heimilinu og 60% (14) höfðu orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi. Aðeins einn einstaklingur fékk engin stig, hinir skoruðu frá þremur stigum upp í ellefu stig. Helmingur þátttakanda (12) skoruðu frá þremur upp í sex stig. Fjórðungur (6) skoruðu frá 7 upp í 11 stig. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna þá safnast upp álag og streita við hvert áfall eða erfiða reynslu fyrir 18 ára aldur sem getur haft neikvæð áhrif á heilaproska, hormóna-, streitu- og ónæmiskerfið. Ef ekkert er að gert geta áhrifin valdið alvarlegum geð- og líkamlegum heilsufarsvanda. Áföll og erfið reynsla í æsku geta valdið gífurlegum kostnaði í heilbrigðis-, félags- og menntakerfinu í formi þjónustu við þessa einstaklinga. Einnig felst kostnaður í því að þeir sem hafa upplifað áföll í barnsku eru ekki eins virkir þátttakendur í samfélaginu og því tapast mikill mannauður.

Flestir þátttakendur í Hluverkasetri eiga við langvarandi heilsuþrest að stríða. Mörgum kom á óvart hversu hátt þeir skoruðu í á spurningarlistanum. Þau greindu jafnframt frá að áföll hefðu bæst við á fullorðinsárum. Niðurstöður þessar könnunar þó umfang hennar sé lítið sýnir mikilvægi þess að hlúa að barnafjölskyldum. Hlutverkasetur bauð upp á námskeið sem kallaðist

Mömmuleikni sérstaklega stílað á mæður sem áttu í vanda fyrir nokkrum árum styrkt af Soroptimistakönnum. Markmiðið var að aðstoða þær að mynda jákvæð tengsl við börn sín þrátt fyrir erfiðleika og koma í veg fyrir að tengslarof færðust yfir á næstu kynslóð.

Samningur við Vinnumálastofnun.

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi stendur úrræðið til boða þeim sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnmenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Í öðru lagi að aðstoða einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf/hlutverk við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Úrræðið hentar vel þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni t.d. langveikum. Nýr samningur var gerður í lok árs sem gildir út 2023.

Um átta einstaklingar komu í kynningu á viku þegar að starfsemin var eðlileg. Það fjölgaði um 49 einstaklinga á milli árana 2020 – 2021 frá 150 til 199, Fyrir árið 2022 var fjöldinn 160 einstaklingar sem er svipaður og hefur verið árin á undan. Þessi fjölgun 2022 var óvenjuleg og skýrist eflaust af Covid. Mikil fjölgun varð þegar að fjöldatakmörkunum aflétti. Það endurtók sig ekki 2022. Fólk átti erfiðara að koma sér í rútínu. Eins var fólk að veikjast af Covid oft en einu sinni og ýmis flensueinkenni herjuðu á fólk. Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar og uppfylla skilgreininguna þjónustuflokka 1–5 voru 160 (199) einstaklingar. Innan sviga fjöldinn frá fyrra ári. Í hverjum mánuði komu 65-88 (71-98). Kynjahlutfallið hefur breyst lítillega á milli ára, hlutfall karla dróst saman 61 (82), hlutfall kvenna jókst, þó að í þeim hópi hafi líka orðið fækkun á milli ára, 97 (117) og þeir sem skilgreina sig á annan hátt voru 2 (0). Einstaklingar sem þurfa mikinn stuðning tilheyra efstu flokkunum og svo eftir sem þörf á stuðningi minnkar, lækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 2–4 (tafla 3). Aldursdreifing er nokkuð jöfn, sjá töflu 2.

Komur, aldur og kynjahlutfall


	2022	2021
Einstakl. á ári	160	199
Einstakl. á mán.	65-88	71-98
Meðalaldur	46	44
Karlar	61	82
Konur	98	117
Annað	2	0

Tafla 1

Aldursdreifing þátttakenda

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-29	26	16,3
30-39	27	16,9
40-49	47	29,4
50-59	36	22,5
60+	24	15,0
Alls	160	100

Tafla 2



Tafla 3

Þegar framfærsla er skoðuð eru flestir þátttakendur á örorkubótum og endurhæfingarlífeyri 79% (126), sjá töflu 4. Flestir þátttakendur koma frá Reykjavík 78% (125). Tafla 5 sýnir nánari búsetudreifingu þátttakenda. Þeir sem koma á eigin vegum fjölgaði á árinu og voru 49% (79) samanborið við 37% (73) 2021. Flestir koma í Hlutverkasetur að áeggjan fagaðila af geðsviði LSH, Geðheilsuteyma heilsugæslunnar og annarra fagaðila 51% (81).

Í töflu 7 má sjá hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Þátttakan leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Alltaf eru einhverjir sem þurfa eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl.

	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágú.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2	46	43	40	29	34	32	37	31	38	34	35	34
3	36	35	35	39	31	28	21	23	23	28	34	23
4	3	4	3	3	8	10	8	10	15	18	19	15
5	0	0	0	0	1	1	1	1	1	0	0	0
Alls	85	82	78	71	74	71	67	65	77	80	88	72

Innkoma

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnaleyribætur	9	6
Örorkubætur	85	53
Endurhæfingarlífeyrir	41	26
Félagsstyrkur	6	4
Vinna	5	3
Óþekkt	7	4
Sjúkradagpeningar	6	4
Nemi	1	1
Samtals	160	100

Tafla 4

Búseta þátttakanda

Búseta	Fjöldi	%
Reykjavík	125	78
Kópavogur	11	7
Garðabær	2	1
Hafnarfjörður	12	8
Mosfellsbær	5	3
Seltjarnarnes	2	1
Reykjanesbær	2	1
Vogar	0	0
Annað	1	1
Alls	160	100

Tafla 5

Tilvísunaraðilar

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	4	3
LSH	13	8
VMST	2	1
Á eigin vegum	79	49
Önnur úrræði	6	4
Virk	5	3
Aðrir fagaðilar	36	23
Geðheilsuteymi	15	9
Samtals	160	100

Tafla 6

Samfélagsþátttaka

Samfélagsþátttaka	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	84	53
Vinna	7	4
Nám	5	3
Önnur úrræði	24	15
Annað	40	25
Bið	0	0
Samtals	160	100

Tafla 7

Samningur við Reykjavíkurborg

Samningur AE starfsendurhæfingar/Hlutverkaseturs og Reykjavíkurborgar var gerður til þriggja ára 2022 - 2024. Skipting styrksins á milli verkefna er samkomulagsatriði og gerð í samráði við þjónustukaupanda eins og gert hefur verið síðastliðin ár.

Samningurinn fyrir árin 2022-2024 var svohljóðandi:

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningastuðningur.

Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka.

Verkefni 3: Úttektir.

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningastuðningur

Bergþór G. Böðvarsson og Óskar Ögri Birgisson sáu um þennan þátt.

Frá 2019 – 2021 var NsN verkefni í gangi þar sem talað var við starfsmenn og íbúa á fjórum búsetukjörnum. Þegar skýrslan var tilbúin, í byrjun árs 2022, var fundað með Vettvangsgeðteyminu í apríl og í framhaldi var fundinn tími til að kynna skýrsluna á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Skýrslan var kynnt fyrir forstöðumönnum, öðrum starfsmönnum og yfirmönnum (15) í lok maí 2022. Þegar

búið var að undirrita samnings velferðarsviðs við Hlutverkasetur í júní, var farið í að finna tíma fyrir fræðslu- kynningar á kjörnum sem tóku þátt í síðustu könnun. Það gekk erfiðlega að fá viðeigandi aðila að bregðast við hvenær væri best að kynna niðurstöðurnar. Hringt var vikulega og sendur tölvupóstur til að finna hentugan tíma. Það var ekki fyrr en um miðjan september sem fyrsta fræðslukynningin varð (6). Með stuðningi frá starfsmanni Vettvangsgeðteymis tókst að ná annarri kynningu fyrir forstöðumenn og starfsmenn ýmissa virkniúrræði í október. Aftur voru tölvupóstar sendir og símtöl tekin en þrátt fyrir ítrekun um mikilvægi þess að ná fólki saman náðist aðeins ein kynning um miðja desember fyrir starfsfólk og íbúa eins búsetukjarna (13). Þar var farið yfir niðurstöður síðustu úttektar og rætt um hvort starfsmenn nýttu eigin áhugamál til að virkja notendur. Einnig var fjallað um valdeflingu, farið yfir valdeflingarpunkta og rætt um þá.

Í tengslum við undirritun samningsins kom upp sú hugmynd að styðja við SmíRey sem er staðsett í neðra Breiðholti. Sá staður var illa nýttur. Einn starfsmaður frá Hlutverkasetri fór einu sinni í viku með nokkra þátttakendur (2-4) á staðinn. Bergþór tengdist í byrjun og tók með sér tvo áhugasama skjólstæðinga. Byrjunin lofar góðu og markmiðið er að íbúakjarnar tengi einn og einn íbúa við staðinn og starfmaður komi með sem stuðningur.

Takmarkaður áhugi virtist vera hjá forstöðumönnum íbúakjarna til að fylgja eftir niðurstöðum NsN með t.t. að virkja starfsmenn að bjóða upp á þátttöku í iðju út frá þeirra þekkingu eða áhugasviði. Ákveðið var í samstarfi við vettfangsteymið að auglýsa nokkra viðburði fyrir íbúa og athuga hvort einhverjir starfsmenn sýndu einnig áhuga. Auglýst var hlutverkaspilið D&D, tónlistarstarhópur og LAN. Lítil viðbrögð komu við þeirri auglýsingu. Vettfangsteymið fylgdi auglýsingunni eftir og hafði samband við forstöðumenn hina ýmsu kjarna. Ekki náðist næg þátttaka. Reynt verður áfram að finna leiðir til að virkja starfsmenn og íbúa til þátttöku í ýmissi iðju. Að auglýsa, hringja og senda tölvupósta hefur litlu skilað. Forgangsröðun og áherslur eru eflaust ólíkar og þátttaka í ýmiss konar iðju mætir kannski afgangi í innra starfi kjarnanna.

Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka

Frá áramótum hafa 20 (31) einstaklingur verið skráðir hjá Reykjavíkurborg, í tengslum við samfélagsþátttöku. Innan sviga eru tölur frá 2021. Um er að ræða 15 (25) karla og 5 (6) konur, þar af eru 19 (25) Íslendingar og 1 (6) af erlendum uppruna. Að auku hefur Sylviane Lecoultre aðstoðað nokkra einstaklinga (5) sem eru ekki í ofangreindum tölum. Það er fólk af erlendum uppruna sem ekki hefur vald á ensku né íslensku en talar frönsku. Hún hefur fylgt þessum fimm einstaklingum eftir í tengslum við atvinnuþátttöku.

Störf hjá Reykjavíkurborg. Andri Vilbergsson sem starfaði hjá Hlutverkasetri sá um þennan þátt og starfar nú í Vettvangsgeðteymi Reykjavíkurborgar. Síðan 2019 hefur Reykjavíkurborg innleitt hjá sér IPS (individual placement and support) í tengslum við atvinnuþátttöku ásamt Virkni húsi. Skjólstæðingar fara því nú í gegnum þessi úrræði Reykjavíkurborgar. Hlutverkasetur heldur áfram að bjóða einstaklingum sem hafa nýtt sér starfsemi Hlutverkaseturs hlutastörf þegar þau losna og fylgir þeim einstaklingum eftir sem þess óska sem eru komnir í vinnu.

Virkni utan Hlutverkaseturs

Listsýningar. Stærsta sýning sem Hlutverkasetur hefur búið til og sett upp var í Sjóminjasafninu í september. Sýningin fjallaði um plastmengun í sjó og hófst undirbúningur og hönnun í byrjun árs. Að þessu sinni var gerð nákvæm mæling á sýningarsvæði og verkferlar fyrir hvern mánuð gerðir fram að sýningu. Allt stóðst og sýningin *Aðskotadýr* var opnuð 1. september af forseta Íslands. Í opnuninni var leikhópur Hlutverkaseturs með frumlegan gjörning. Brúður höfðu verið hannaðar úr plasti og pappír og spilað var undir á fiðlu. Alls tóku um 30 þátttakendur í listasmiðjum þátt í að gera plastfiska, marglyttur, kolkrabba, fugla, kórala, skeljar, kuðunga og krossfiska. Sýningin var einstaklega falleg, litrík og passaði einkar vel í umhverfi Sjómyrnjasafnsins. Skemmtileg tenging við sjóinn er á þessum stað í safninu og birtan ýtti undir ýmsar skuggamyndir og speglanir á sýningarsvæðinu. Ánægjulegt var að sjá í gestabókinni hversu margir sáu og skrifuðu falleg orð um sýninguna. Sýningin átti sér líka framhaldslíf því í október var hluti hennar sýndur á Hvammstanga þar sem hún var sett upp í anddyri sundlaugarinnar og í félagsheimilinu. Brúðuhátíð var í bænum og sýningin vakti verðskuldaða athygli þar. Í nóvember var hluti sýningarinnar settur upp í Náttúrugripasafninu í Kópavogi í tengslum við List án landamæra og þóttu verkin sem voru valin þangað njóta sín vel og vera hugvitsamlega gerð. Yngstu bókasafnsgestir Bókasafns Kópavogs höfðu mikinn áhuga á stóra kolkrabbanum og furðuðu sig mikið á plast sogskálum hans.

Hreyfing. Daglegar gönguferðir voru farnar frá Hlutverkasetri (3-7) þrisvar sinnum í viku stuttir göngutúrar (2-5) og tvisvar sinnum í viku lengri túrar. Eins var farið í gönguferð einu sinni í viku (5-8) frá Salalaug í Kópavogi og í framhaldinu var farið í sundlaugina þar sem hin ýmsu mál voru krufin til mergjar. Sundhöllin var einnig nýtt einu sinni í viku sem og Nauthólsvíkin til sjósunds (2 – 6).

Bíóferðir. Hafin var undirbúningur að koma af stað bíóferðum aftur í Bíó paradís sem hafði fallið niður í Covid. Einn sjálfboðaliðinn reyndi að koma því af stað aftur sem tókst ekki á árinu.

Leikhús, menningarferðir o.fl.

Nokkrir íbúar frá íbúakjörnum sem mæta ekki reglulega í Hlutverkasetur eru leikhúsvinir. Það þýðir að ef Hlutverkasetri eru boðnir miðar í leikhús þá er einnig haft samband við þá.

Hlutverkasetur hefur notið áframhaldandi góðvildar bæði Þjóðleikhúsins og Borgarleikhúsins á árinu. Um er að ræða að fá að koma á lokaæfingar eða sýningar sem ekki er uppselt á. Fyrirvarinn er því stuttur en alltaf hefur náðst góð stemming og vel mætt. Við erum þakklátt fyrir þetta tækifæri til að vera virk í menningarlífinu, njóta þeirra geðræktar sem í þeim felst og geta tekið þátt í umræðum um sýningar sem vekja umtal.

Leikhúsferðir. Borgarleikhúsið: *Fyrverandi* (50), *Síðustu dagar Sæunnar* (25)

Þjóðleikhúsið: *Vertu Úlfur* (50), *Himinn og jörð* (27) og *Ellen B* (40).

Kassinn Þjóðleikhúsið: *Nokkur augnablik um nótt* (30)

Þátttakendur Hlutverkaseturs (18) tóku þátt í fjórum viðburðum sem nefndist *Öllum til heilla* og var á vegum Reykjavíkúakademiunnar; samtal um valdeflandi og inngildandi umbreytingarmátt samfélags- og þátttökulista. Í febrúar var viðburður í

Borgarleikhúsinu sem nefndist, *Hvað eru samfélagslistir*. Í mars var fjallað um *Leiðir að virkni og velferð og Samvinnu- og þróunarverkefni Listaháskóla Íslands*. Í maí voru það *Sögur af samfélagslistum* þar sem sögur voru sagðar frá heimilisláusu leikhús og fleira. Leikhópur Hlutverkasetur hafði tekið þátt í þeim viðburði á sínum tíma. Edna Lupita deildi reynslu sinni og hópsins að hafa tekið þátt. Í apríl voru umræður í Iðnó um inngildingu *Í orðum og aurum, menningarstefnum og fjármögnunarvandi samfélagslistamanna*.

Töframáttur tónlistar. Menningarmargfætlan fór á tónleika sem Gunnar Kvaran heldur utan um í febrúar á Kjarvalsstöðum (7), í Hafnarhúsi í október (6) og nóvember (4).

Matarklúbbur (7-14) var settur af stað eftir einn starfsdaginn af frumkvæði þátttakanda sem þau sjá alfarið um. Facebookhópur var stofnaður þar sem kemur fram stað og stund í byrjun hvers mánaðar. Góð þátttaka hefur verið í hópum og ánægja. Ýmsar óvæntar upptökur fylgt með.

Fótboltaverkefnið FC Sækó

Fótboltaverkefnið FC Sækó, geðveikur fótbolti er fyrir konur og karla sem glíma við geðrænar áskoranir og aðra áhugasama. Bergþór hefur haldið utan um fótboltaverkefnið FC Sækó. Verkefnið er afrakstur af einni NsN úttektinni 2011 og er samstarfsverkefni á milli Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítalans. Æfingatímar voru þrisvar í viku frá 3. janúar – 27. maí og tvær – þrjár æfingar á viku voru um sumarið frá 7. júní fram að áramótum 2023. Sex – þrettán notendur voru að mæta á þær æfingar. Ein til tvær konur hafa mætt á þrjár af þessum 102 æfingum á árinu. Fimm liðsmenn FC Sækó tóku þátt í knattspyrnudeild Liga Giant sem byrjaði um sumarið. Orri Hilmarsson hefur haldið utan um það.

Sex fundir vegna fótboltans voru haldnir á árinu og voru þrjár þeirra vegna vegna styrktarumsóknar. FC Sækó hafði verið valið samstarfsverkefni KSÍ 2021 en þar sem ekki náðist, vegna Covid aðstæðna, að framfylgja því þá voru haldnar þrjár æfingar á Laugardalsvellingum sumarið 2022. Einnig var ákveðið að bjóða KF Múrbrjótum að koma og spila við FC Sækó á Laugardalsvellingum. Það vakti mikla lukku enda margir Norðanmenn sem ekki höfðu fengið að stíga inn á Þjóðarleikvanginn. Með því fylgdi að FC Sækó fékk að æfa fjórum sinnum á Laugardalsvellingum (aðalleikvangi Íslenska landsliðsins) og á þrem þeirra æfinga mættu landsliðsþjálfarar og aðrir þjálfarar KSÍ. Akureyrarferð sem og aðrar ferðir sem voru í bígerð þar sem spila átti við KF Múrbrjóta, sambærilegt lið við FC Sækó, var frestað. KSÍ ætlaði að styrkja þá ferð og stendur það enn til boða ef ferðin verður að veruleika. Einn til tveir notendur hafa séð um æfingarnar þegar Bergþór kemst ekki.

Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök

Hlutverkasetur er í samstarfi við önnur úrræði og stofnanir til að þekking nýtist sem best á milli staða og til að meiri samfella og stuðningur sé við einstaklinga á milli úrræða. Eins hefur Hlutverkasetur tekið þátt í verkefnum sem hafa samfélagslegt gildi. Sem dæmi um samvinnu þá vinnur Bergþór G. Böðvarsson í Hlutverkasetri,

Batamiðstöðinni LSH v/Klepp, Geðheilsuteymi austur, kennir í Bataskólanum og er í Aðgengis- og samráðshópi fatlaðs fólks á vegum Reykjavíkurborgar. Elín Ebba er í stjórn Geðhjálpár. Covid setti strik í reikninginn á árinu og allar heimsóknir á milli staða féllu niður.

Samstarf við geðsvið LSH. Iðjubjálfar á geðsviði eru nú staðsettir á Kleppi. Reglulegar heimsóknir með skjólstæðinga frá þeim lögðust af í Covid og hófust ekki aftur á árinu. Undirbúningur hófst hins vegar með NsN úttektir á tveimur geðdeildum sem hefjast eiga 2023 og tveir starfsmenn frá Hlutverkasetri munu útfæra.

Samstarf við búsetukjarna Reykjavíkurborgar. Samstarf heldur áfram og enn er verið að reyna að virkja starfsmenn svo þeir geti tengst Hlutverkasetri með skjólstæðingum út frá eigin áhugamálum og virkjað þannig íbúa. Byrjað var að fara í SmíRey einu sinni í viku þar sem er smíðaaðstaða og starfsmaður frá Hlutverkasetri og nokkrir frá setrinu fara einu sinni í viku upp í Breiðholt (2-4). Send var auglýsing á alla kjarna til að fanga áhugamál starfsmanna sem og íbúa. Auglýstur var tónlistarhópur, LAN og D&D. Ekki tókst að starta neinum af þessum hópum á árinu.

Samstarf við Vin. Tveir félagar í Vin, komu einu sinni í viku og kenndu skák. Það samstarf hélst nokkuð reglulegt yfir árið. Reynt var að koma á tónlistarhóp í Vin þar sem starfsmaður frá Hlutverkasetri myndi mæta. Aðstaða var könnuð og hvernig best væri að útfæra samstarfið. Klúbbshúsið í Grafarvogi varð fyrir valinu.

Samstarf við KPT senteret í Þrándheimi. Samstarf hefur verið í mörg ár milli KPT sem er notendastýrð þjónusta og Hlutverkaseturs í tengslum við NsN úttektir og aukin áhrif notenda í þróun þjónustu. Unnið var með umsóknir til að þróa frekara samstarf og fá fleiri Norðurlönd í liðsheildina til að koma á námi fyrir starfsmenn með reynslu af að hafa þurft að nýta sér þjónustu kerfisins. Nokkrar umsóknir voru sendar til að styðja verkefnið. Styrkur frá Nordplus fékkst síðan á árinu. Markmiðið er að leiða saman fólk frá Norðurlöndunum og Balkanlöndum til að koma á námi fyrir jafningastarfsmenn. Fyrsti undirbúningsfundur var í nóvember í Gautaborg.

Intentional Peer support. Þessi aðferð tengist einnig notendastarfsmönnum og býður upp á styttri námskeið en ekki formlegt nám. Samstarf hófst við fulltrúa frá þessum hópi á árinu. Fundað var hálfmánaðarlega frá haustinu. Fimm starfsmenn með notendareynslu sem vinna í Hlutverkasetri munu sækja fyrsta námskeiðið hjá þeim 2023.

Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum

Áhersla er lögð á að starfsfólk Hlutverkaseturs sinni endurmenntun með ýmsum hætti. Vegna Covid voru nokkrar ráðstefnur, fræðslur og málþing í gegnum í netið Tveir frá Hlutverkasetri voru í nefnd Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10. okt. Í ár var vegleg dagskrá í Bíó Paradís þar forsetinn tók til máls ásamt fleiri þungaviktarmönnum í samfélaginu. Tveir úr nefndinni fóru í viðtal í Mannlega þáttinn á Rás 1, annar þeirra er þátttakandi í Hlutverkasetri.

Í Geðhjálpárblaðinu sem kom út í tengslum við 10. okt var viðtal við Elínu Ebbu þar sem hún sagði frá ferð til Noregs og Danmörku þar sem fulltrúar frá geðsviði Landsspítalans, velferðarsviði Reykjavíkurborgar og heilbrigðisráðuneytinu

voru með í för. Elín Ebba fjallaði um það sem stóð upp úr í ferðinni og undirstrikaði fjölþættari leiðir til bata.

Anna Henriksdóttir hélt áfram að læra brúðugerð hjá Bernd Ogradnik.

Hún tók þátt í 3ja daga Hip fest námskeiði um sama efnið á Hvammstanga í október. Sýningargripir frá sýningunni um *Furðudýr* var komið á framfæri og sýndir bæði í sundlauginni og í félagsheimilinu. Viðburðurinn var í senn alþjóðleg hátíð og námskeið. Listamenn frá Þýskalandi, Svíþjóð, Finnlandi, Tékklandi, Slóveníu, Frakklandi, Rússlandi og Ísland tóku þátt. Viðtal var tekið við Önnu í *Mannlega þættinum á rás1* í september í tilefni af opnum sýningar *Furðudýr* í Sjóminjasafninu Bergþór G. Böðvarsson er jafningjafræðari í Bataskóla Íslands og hefur kennt þar með öðrum og einnig verið einn með námskeið. Er notendafulltrúi í Geðheilsuteymi Austur og heldur utan um batanámskeiðið þar. Var fulltrúi ÖBÍ fyrir hönd Geðhjálpar, í aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur.

Elín Ebba Ásmundsdóttir er í stjórn Geðhjálpar. Hún fór á málþing á vegum geðsvið LSH í maí sem bar nafnið *Í takt við tímann, þróun nýsköpun og vísindi*. Hún fór í ferð til Norðurlandanna í mars með fulltrúum frá Geðhjálpar, Heilbrigðisráðuneytinu, Velferðasviðs Reykjavíkur og geðsviði Landsspítalans til að kynna sér það nýjasta í geðheilbrigðismálum. Hún kynnti sér nám í Osló fyrir notendur sem vilja starfa í geðheilbrigðisþjónustunni. Hún tók þátt í að undirbúa NsN úttækir á LSH geðsviði þar sem tveir starfsmenn Hlutverkaseturs munu framkvæma. Hún sat samráðsfundi Norðurlandana Noregs og Svíþjóðar ásamt Balkanlöndunum Eistlandi, Litháen og Lettlands í Gautaborg þar sem umræðuefnið var undirbúningur notendastarfsmanna í formi námskeiða eða náms. Tekið var við hana viðtal í Fréttablaðinu í maí varðandi Kiwanisfélagið og stuðnings þess til geðheilbrigðismála. Ítarlegt viðtal var við hana í Stundinni í maí um leigumarkaðinn og áhrif hans á geðheilsu og í framhaldinu var tekið viðtal við hana í Samstöðu um sama málefni. Hún fór einnig í viðtal í Samstöðu varðandi félagslega þætti og geðheilsuvandkvæði. Hún fór á málþing á vegum Virk í maí um *Jákvæða vinnustaði*. Hún fór á málþing á vegum Þjóðleikhúsins í tengslum við þátttöku fatlaðs fólks í sviðslistum. Hún tók á móti styrk sem varaformaður Geðhjálpar í tilfelli af 100. sýningunni á *Vertu Úlfur* í Þjóðleikhúsinu. Hún fór í viðtal um geðheilbrigðismál í *Bylgjunni* í október. Hún fór á fund Velferðarvaktarinnar í október í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Hún sat einnig samráðsfund á vegum forsætisráðuneytisins um mannréttindi í ágúst í Hörpu og sat fund með starfsfólki ráðuneytisins um sama málefni. Hún sat vefráðstefnu á vegum *Nordic region um User involvement* – notendapátttöku í október og einnig vefráðstefnu á vegum *Nationell Samverkan för Psykist Halsá: Olika bilder av psyk (o)halsa*. Hún var skipuð í nefnd á vegum félags- og vinnumarkaðsráðherra í starfshóp um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk í lok árs. Hún tók þátt í nefndarhópi 9 sem fjallaði um atvinnu- mennta og menningarmál í tengslum við innleiðingu á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hún tók þátt í að kynna stöðu geðheilbrigðismála hér á landi fyrir starfshópi frá grænlenka heilbrigðisráðuneytinu sem vill betrubæta geðheilbrigðisþjónustuna þar á landi. Hún sat ráðstefnu um Landsáætlun um innleiðingu SSP á vegum félags- og vinnumarkaðsráðherra í nóvember. Hún var milligöngumaður í tengslum við viðmælendur í þáttaröð á *Rás 1* um geðheilbrigðismál sem nefndist *Geðbrigði*. Þrjú af sex þáttum voru sendir út 2022 og

Þrír síðustu verða sendir út 2023. Hún var með erindi á *Alþjóðlega mannréttindadeginum* í desember fyrir félagsráðgjafa sem bar yfirskriftina *Tækifæri fyrir alla* sem fjallaði um tækifæri fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði og í skóla.

Helga Ólafsdóttir sótti alþjóðlega ráðstefnu á vegum *Profectus* í Bæjarbíói í Hafnarfirði í tilefni af 10 ára afmæli þeirra. Sérfræðingar á sviði stjórnunar, breytingarstjórnunar og leiðtogahæfni deilu hugmyndum og reynslu sinni. Helga hefur séð um kynningar fyrir Bataskólann og Batamiðstöðina á Kleppi.

María Gísladóttir Hélt listsýningu tengt íslenska hestinum rétt fyrir utan Bonn. Í leiðinni kynnti hún starfsemi Hlutverkaseturs með áherslu á myndlistanámskeiðin og tækifæri sem felast í listsköpun og eflingu geðheilsu.

Samantekt um Covid 19 og áhrif á starfsemina

Hlutverkasetur er opin virknimiðstöð og allir eru velkomnir, s.s. fólk með geðræn vandamál, atvinnuleitendur, fólk sem býr við fátækt, fólk með erlendan bakgrunn, félagslega einangraðir og fólk í fíknivanda. Að sinna fjölbreyttum hóp í sameiginlegu rými er áskorun, en á sama tíma stolt staðarins og sérstaða. Þegar ólíkir hópar koma saman er auðvelt að misskilja, menning ólík, truflun í rútinu og langvarandi einangrun. Covid takmarkanir reyndu á þolrif allra og síendurtekin veikindi. Gleðin og þakklætið varð því enn sterkari þegar vel tókst til og fólk komst aftur í rútinu. Góð samskipti og samvinna á milli ólíkra úrræða er sérstaklega mikilvæg. Árið 2022 einkenndist á því að starfsemin náði aldrei að verða eðlileg. Þegar að fjöldatakmörkunum Covid slepti byrjuðu veikindi að herja á mannskapinn. Sumir voru að veikjast aftur og aftur og aðrir áttu erfitt að komast sér í fasta rútinu. Fólk kom ekki í kynningar að ráði fyrr en í lok september sem er óvanlegt. Fólk skilaði sér heldur ekki eftir kynningar. Þeir sem sækja Hlutverkasetur eru flestir að berjast við félagslega einangrun og eru ekki í samskiptum við marga. Þeir réðu vel við þetta fyrst að alltaf væru breytingar í gangi en svo þegar allt virtist vera yfirstaðið var eins og fólk hefði gefist upp. Þeir sem veiktust í kjölfarið fóru sérstaklega illa út úr þessu tímabili. Þeir voru komnir í farveg sem reyndist erfitt að koma sér út úr. Sumir virtust búnir að sætta sig við orðinn hlut.

Þakkir stjórnar

Stjórn Hlutverkaseturs vill þakka starfsfólki, sjálfboðaliðum, þátttakendum, styrktaraðilum og samnings- og samstarfsaðilum fyrir samstarfið á liðnu ári.

Stjórnin þakkar sérstaklega leikhúsunum í ár hvað þau hafa verið myndaleg við að bjóða þátttakendum Hlutverkasetrur á æfingar og sýningar. Að fá að taka þátt í menningarlegum atburðum vegur þungt bæði hvað varða lífsgæði og virka þátttöku í samfélaginu þess hóps sem stundar Hlutverkasetur. Stærsti viðburðurinn þetta árið var sýning á verkum þátttakanda í Sjóminjasafninu *Furðurdýr* í umsjá Önnu Henriksdóttur listakennara. Hlutverkasetur hefur haft afburðarstarfskrafta innan sinna raða í gegnum árin og Anna er ein af þeim og verður seint þakkað hennar framlag. Spennandi tímar eru framundan með tilkomu nýrra starfsmanna með notendareynslu og samstarfið um NsN úttæktir á geðdeildum Landsítalans.

Hlutverkasetur hefur frá upphafi haft meirihlutann af starfsfólki sínu með slíka reynslu. Það hefur með sínu vinnuframlagi og þekkingu mótað þá menningu sem ríkir í Hlutverkasetri þar sem hlúð er að umburðarlyndi, þolinmæði, valdeflingu og reisu. Hlutverkasetur hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem fyrirmynd fyrir aðra vinnustaði sem munu nýta sér fjölbreytt vinnuafli í framtíðinni. Virkjun starfsmanna með sérstaka hæfileika eða áhugamál sem vinna á vegum Reykjavíkurborgar er spennandi áskorun og vegferð. Sama á við þá tilraun að starfsmenn Hlutverkaseturs tengist öðrum úrræðum á vegum borgarinnar með sinni nærveru og þekkingu.

Að lokum vil ég endurtaka þakkið stjórnar til handa öllu starfsfólki Hlutverkaseturs fyrir þeirra vinnuframlag á árinu en eins og rakið hefur verið í ársskýrslu þessari var það áskorun að halda starfsemi í gegnum faraldurinn. Starfsfólk og notendur þjónstunnar lögðu sig alla fram um að halda henni gangandi með fjölbreyttum hættu þó að það tæki oft á. Á sama hátt viljum við þakka samstarfsaðilum og styrktaraðilum sem gera okkur kleift að halda úti starfsemi Hlutverkaseturs. Í gegnum faraldur eins og kófið hefur það sýnt sig hvert mikilvægi félagslegra samskipta, tengsla, frjálstra ferða og aðgengi er fyrir alla. Megi okkur bera gæfa til að styrkja enn starf Hlutverkaseturs.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar